

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Metýlfenídat

ATC flokkur: N 06 BA 04 - Metýlfenídat

Dagsetning: 1. janúar 2011

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder), **ICD-10 F90.0** eða
- Dúraveiki og dáslekja/drómasýki (narcolepsi) **ICD-10 G47.4.**

ADHD:

Greiningin ADHD skal framkvæmd af sérfræðingi með sérfræðipekkingu á ADHD þannig að tryggt sé að einungis þeir sem haldnir eru ADHD fái metýlfenídat.

Lyfjaskírteini verða gefin út með nafni þess sérfræðings sem sækir um það, að auki geta 1-2 læknar verið skráðir á lyfjaskírteinið sem geta endurnýjað umsókn og lyfjaávisun í samvinnu við þann lækni sem sótti um lyfjaskírteinið. Greiðslupátttaka fyrir metýlfenídati fæst eingöngu gegn ávisun þess læknis/þeirra lækna sem skráðir eru á lyfjaskírteini einstaklingsins. Þessir læknar bera ábyrgð á lyfjameðferðinni og upplýsa hvorn annan um ávísanir á lyfinu, breytingar á skömmtun og annað það sem við kemur lyfjameðferðinni.

- Fyrsta umsókn um lyfjaskírteini skal gerð af geðlækni, barna- og unglíngageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglíngna. Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. nákvæm sjúkrasaga sjúklings, rannsóknir, greiningartæki og hvernig eftirfylgd er háttað.
- Sérfræðingur sem sækir um lyfjaskírteinið getur í umsókn sinni tilgreint nafn læknis sem óskað er eftir að geti auk hans endurnýjað umsókn og ávísað lyfinu.
- Læknir getur óskað eftir því að fá að ávísa lyfinu fyrir ákveðinn einstakling þegar fyrir liggur lyfjaskírteini og fær sá læknir sem sótti um lyfjaskírteinið tilkynningu um það. Læknir skal þá senda umsókn um lyfjaskírteini, fylla út nafn og kennitölu og skrá í sjúkrasögu að óskað er eftir að fá að ávísa metýlfenídat lyfi fyrir viðkomandi einstakling. Óþarfi er að skrá nokkuð annað í sjúkrasögunum.

Til grundvallar samþykki lyfjaskírteinis fyrir einstakling 18 ára og eldri er lyfjanotkun skoðuð sérstaklega í lyfjagagnagrunninum. Ef umfang neyslu er umfram ráðlagða dagskammta eða saga um misnotkun er umsókn synjað nema aðrar og fullgildar ástæður liggi fyrir um þörf á lyfjaskírteini.

Narcolepsi:

Umsókn um lyfjaskírteini fyrir einstaklinga með narcolepsi skal gerð af sérfræðingi í taugalækningum.

Greiðslupátttaka sjúkratrygginga:

E-merkt

Gildistími:

ADHD: 18 mánuðir

Narcolepsi: 5 ár